

37. gr.

180

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir starf þeirra.

4. sept.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 4. september 1943.

Björn Ólafsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

181

4. sept.

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Siglufirði, frá 16. júlí 1943.

1. grein samþykktarinnar orðist svo:

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala, svo og ölstofum og veitingastöðum, er ekki hafa nægilegt húsrúm fyrir dans, eða ekki hafa hljómsveit, eða ekki selja heitan, fjölbreyttan mat, skal loka eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. grein. Lyfjabúðir, brauðsölubúðir og mjólkurbúðir, sem verzla með varning, sem verzlunarlýfi þarf til að verzla með, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 4. september 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

HAFNARREGLUGERÐ

182

15. sept.

fyrir Stöðvarfjörð.

I. KAFLI

1. gr.

Stöðvarfjarðarhöfn nær yfir allan Stöðvarfjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Kapalhaus norðanmegin fjarðarins í Skútuklökk sunnan megin hans.

II. KAFLI

2. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps hefur á hendi stjórn hafnarmála, en oddviti hreppsnefndarinnar hefur á hendi framkvæmd þeirra ásamt tveimur mönnum, sem hver nýkjörin hreppsnefnd kys honum til aðstoðar á fyrsta fundi sínum, til fjögurra ára í senn. Er hreppsnefndaroddvitinn formaður hafnarnefndar og um leið hafnarstjóri. Fyrsta hafnarnefnd skal kjörin strax eftir staðfesting þessarar reglugerðar.

Hafnarnefnd hefur eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á henni,

182 stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast fjárhald hafnarinnar og reikn-
15. sept. ingsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningnum og endurskoðast ásamt honum.

III. KAFLI

3. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, sem nefnist Hafnarsjóður Stöðvarfjarðar. Í hann renna allar tekjur hafnarinnar, sem ákveðnar eru í þessari reglugerð. Hafnarsjóði skal, eftir ákvörðun hreppsnefndar, varið í þarfir hafnarinnar, til greiðslu á kostnaði við stjórn hennar, til umbóta á henni, til bygginga hafnarmannvirkja og viðhalds á þeim og til kaupa á landi í þarfir hafnarinnar. Óheimilt er að nota fé hafnarinnar til annarra fyrirtækja hreppsins, eða binda það í lánum til þeirra.

IV. KAFLI

4. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta þeim mannvirkjum, sem fyrir eru, og ekki fylla upp eða dýpka út frá landi, nema hreppsnefnd hafi veitt samþykki sitt til þess, að fengnum tillögum hafnarnefndar. Skjóta má úrskurði hreppsnefndar undir úrskurð stjórnarráðsins. Sá, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, skal halda því svo vel við, að engin hættu stafi af því. Brot gegn því varða sektum frá 10 til 200 krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

5. gr.

Öll skot við höfnina og á henni eru bönnuð, og skal sérstaklega gæta þess, að skot og fugladráp úr skipum og bátum á höfninni eigi sér ekki stað.

6. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni að þau tálmi affermingu annarra skipa, og skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggju, að eigi sé nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að eða frá. Skipum og bátum má ekki leggjast svo, að það hindri eða tefji umferð um höfnina.

7. gr.

Bátum, sem heima eiga á Stöðvarfirði eða eru gerðir þaðan út og liggja við sérstök legugögn á höfninni, má ekki leggjast svo að tefji umferð um höfnina. Getur hafnarnefnd ákveðið hvar og hvernig legufæri báta og skipa skulu lögð. Enginn má flytja legufæri báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

8. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða skipun hafnarnefndar eða hafnarstjóra um að flytja skip sitt eða bát eða festar á höfninni og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda eða umráðamanns.

V. KAFLI

182

15. sept.

9. gr.

Öll skip, 12 smálestir brúttó eða stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma í Stöðvarfjarðarhöfn og hafa eitthvert samband við land.

Undanþegin hafnargjaldi eru herskip, varðskip, skip, sem hafa skirteini sem skemmtiferðaskip, skip, sem gerð eru út til visindarannsóknna, skip, sem leita hafnar vegna óveðurs en hafa ekkert samband við land.

Hafnargjöld greiðast af nettóstærð skipa. Hálf smálest telst sem heil, en minna broti er sleppt.

10. gr.

- a. Fiskiskip, sem eru eign manna búsettra á Stöðvarfirði og eru skrásett þar, skulu greiða hafnargjald einu sinni á ári, 50 aura af smálest hverri, með gjalddaga 1. október.
- b. Önnur íslensk fiskiskip greiða 5 aura af smálest hverri í hvert skipti, sem þau koma til hafnar, og hafa samband við land, þó ekki yfir 1 kr. af smálest samtals á ári.
- c. Innlend strandferðaskip og millilandaskip, sem sigla eftir föstum auglýstum áætlunum, greiða í fyrsta sinn á ári hverju, er þau koma á Stöðvarfjarðarhöfn, 20 aura af smálest hverri í hafnargjald, en ekkert þó þau komi oftár á því ári.
- d. Öll önnur skip, sem til hafnarinnar koma og hafa samband við land, greiða 5 aura af smálest hverri í hvert skipti, er þau koma á Stöðvarfjarðarhöfn.

11. gr.

Vélbátar 5—12 smálestir, sem heima eiga á Stöðvarfirði eða eru gerðir út þaðan, greiða 5 kr. árlegt gjald með gjalddaga 1. október.

12. gr.

Skip, sem lagt er við föst legugögn á höfninni, greiði árlega fyrir það aukagjald sem hér segir:

- a. Ef þau eru skrásett í Stöðvarfjarðarkauptúni, og eru að öllu leyti eign manna búsettra við höfnina eða hafnarsvæðið, greiði vélbátar með þilfari 2 kr. og stærri skip 5 kr., með gjalddaga 1. október ár hvert.
- b. Um aðra báta eða skip fer eftir samkomulagi við hafnarnefnd.

VI. KAFLI

13. gr.

Formaður hafnarnefndar sér um innheimtu hafnargjalda og skal greiða þau á skrifstofu hans.

14. gr.

Skipstjóri eða formaður bera ábyrgð á greiðslu hafnargjalda. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skipi fyrir hafnargjöldum, unz þau eru greidd að fullu. Þegar gjalddagar eru ekki ákveðnir í reglugerð þessari skal greiða gjöldin áður en skipið fer hurt af staðnum.

15. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari hafa lögtaksrétt.

182

15. sept.

Enginn, sem hefur bakað sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, er hafnarnefnd tekur gilda.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 10—400 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Sektir renna í hafnarsjóð Stöðvarfjarðar.

17. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 til að öðlast gildi 1. október 1943 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

18. gr.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1943.

Vilhjálmur Þór.

Páll Palmason.

183

15. sept.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Arnarstapahöfn.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Arnarstapahöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Flögutá í stefnu á Búðatanga, að sunnan, en að austan af beinni línu, sem hugsast dregin úr Látrannoppu í stefnu á Gölt, þar til hún sker hina fyrrnefndu línu.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Breiðuvíkurhrepps kys þrjá menn í hafnarnefnd til fjögurra ára í senn, og skal einn þeirra vera hreppsnefndarmaður og formaður nefndarinnar. Hafnarnefnd skal ætíð kjósa að loknum hreppsnefndarkosningum.

Hafnarnefnd sér um að reglugerð hafnarinnar sé hlýtt, og sér um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs, bæði bátagjöldum og vörugjaldi, gegn innheimtulaunum þeim eða kaupi, sem um semur.

Hafnarnefnd ber að sjá um reikningsskil fyrir hafnarsjóð og stjórnar sjóðnum undir yfirumsjón hreppsnefndar.

Hafnarsjóði skal eingöngu varið til að standast kostnað af mannvirkjum, sem við höfnina eru eða verða gerð, viðhaldi þeirra og frekari umbótum.

Hreppsnefnd veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda og skal hún leita álits hafnarnefndar um það.

Hreppsnefnd ákveður hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta og ber ábyrgð á innstæðum hans og reikningsskilum eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja hreppsreikningnum og úrskurðast ásamt honum.